

Frá kjaramálanefnd FG

**Drög að kjarstefnu Félags grunnskólakennara**

*Sérstakur kjarasamningur fyrir grunnskólakennara*

Priðji aðalfundur Félags grunnskólakennara krefst þess að sérstakur kjarasamningur verði gerður fyrir félagsmenn FG annars vegar og skólastjórnenda hins vegar. Atkvæði um samningana verði talin sitt í hvoru lagi. Aðalfundurinn beinir því til stjórnar Félags grunnskólakennara og Kennarasambands Íslands að þær beiti sér fyrir því að við endurskoðun laga um kjarasamninga opinberra starfsmanna verði m.a. tekið mið af lögum og áherslum í starfsskipulagi KÍ um stjálftæði aðildarféлага í samningamálum.

Viðbót við skjal 13.1

*Kjaramálanefnd bendir á mikilvægi þess að FG beiti sér fyrir því að lögverndun starfsheitisins sé virt. Þetta felur í sér að kjarasamningar leiðbeinenda séu ekki hluti af kjarasamningi FG og ekki sé samið fyrir þá á vegum FG/KÍ. Kjaramálanefnd telur þetta mikilvægt skref til þess að lögverndun starfsins haldi og færi okkur nær því markmiði að kennarar sjái um alla kennslu í skólum.*

*Undirbúningur fyrir næsta kjarasamning*

Félag grunnskólakennara telur mikilvægt að undirbúningur fyrir næsta kjarasamning hefjist snemma og nýr taki gildi um leið og sá eldri rennur út. Mikilvægt er að fylgjast vel með framkvæmd kjarasamningsins til að kröfugerðin taki mið af henni. Nauðsynlegt er að kröfugerðin endurspegli vilja félagsmanna. Því markmiði verði náð með kerfisbundnum úttektum og könnunum.

*Veruleg hækkun grunnlauna*

Félag grunnskólakennara telur að semja þurfi um enn frekari hækkun grunnlauna. Tryggja þarf að hækkun grunnlauna fylgi almennri verðlagsþróun í landinu og verði sambærileg við grunnlaun annarra stétta með svipaða menntun, ábyrgð og álag. Stefnt skal að því að kjarasamningar verði þannig úr garði gerði að þeir tryggi aukinn kaupmátt.

*Grunnröðun í launaflokka*

Endurskoða þarf grunnröðun í launaflokka. Einfalda þarf starfsheitaröðun með tilliti til þess að umsjónarkennarar og faggreinakennarar sjái sig jafnsetta til grunnröðunar og fylgja þar með eftir bókun 7 í kjarasamningnum.

*Launaflokkar vegna kennslureynslu*

Í síðasta samningi var stigið skref í rétta átt varðandi launaflokka vegna kennslureynslu en semja þarf um enn fleiri kennsluferilsflokka.

*Viðbótarflokkar vegna framhaldsmenntunar*

Meta þarf enn frekar framhaldsmenntun til launa

### ***Sveigjanleg kennsluskylda***

Kennsluskylda verði lækkuð enn frekar. Gera þarf kennsluskylduna sveigjanlegri þannig að mæta megi sérstöku álagi umsjónarkennara og/eða annarra kennara með enn frekari lækkun kennsluskyldu eða yfirvinnugreiðslu að vali viðkomandi. Ekki á að vera lágmark á kennsluskyldu en nauðsynlegt að hafa áfram hámark.

### ***Vinnutíminn***

Tryggja þarf að tíminn sem skapast vegna lækkunar kennsluskyldu verði nýttur í aukinn undirbúning. Í kjarasamningi þarf að tryggja enn meiri vörn gegn vinnuálagi en nú er.

### ***Fjölgun orlofa***

Aðalfundur Félags grunnskólakennara beinir því til stjórnar félagsins að beita sér fyrir því að ákvörðun um orlof kennara og námsráðgjafa verði færð frá lögum um grunnskóla til samningsaðila og nauðsynlegum breytingum á grunnskólalögum í því skyni. Fundurinn telur ekki rétt að Alþingi ákveði fjölda orlofa í grunnskólum en telur að samningsaðilar eigi að semja í kjarasamningi um fjölda launaðra orlofa. Þá er og mikilvægt að samið verði um fleiri orlof.

### ***Möguleikar á starfsframa***

Mikilvægt er að fjölga starfsheitum þannig að kennarar geti tekið að sér ábyrgðarstörf og stjórnun. Þessu markmiði verði náð með því að tryggja skólunum fjármagn í þessu skyni.

### ***Umbun til trúnaðarmanna***

Hlutverk trúnaðarmanna er stöðug að verða umfangsmeira. Því er mikilvægt að sveitarfélögin viðurkenni mikilvægi trúnaðarmannastarfsins með greiðslu yfirvinnu eða í formi kennsluskyldulækkunar.

### ***Nemandafjöldi í bekk/námshóp***

Félag grunnskólakennara krefst þess að námshópar verði aldrei stærri en svo að unnt sé að sinna hverjum nemanda með þeim hætti sem grunnskólalög og aðalnámskrá kveða á um. Tekið verði tillit til álags vegna nemenda með sérþarfir og sérstakra aðstæðna í íþrótt-, list- og verkgreinakennslu. Mikilvægt er að auka svigrúm skólanna til að skipta upp nemendahópum eftir aðstæðum hverju sinni.

### ***Vinnuaðstaða***

Félag grunnskólakennara leggur áherslu á að kennslu stofan sé ekki ásættanleg vinnuaðstaða kennara nema að því marki sem hver og einn kýs. Lágmarksvinnuaðstaða sé sérstök vinnustöð fyrir hvern og einn þar sem öll nauðsynleg gögn og tæki eru til staðar.

### ***Endurmenntun***

Tryggja þarf kennurum og námsráðgjöfum rétt til endur- og framhaldsmenntunar á starfstíma skóla.

### ***Réttur einstaklinga til leyfis á starfstíma skóla***

Kennarar og námsráðgjafar fá aukinn rétt til leyfis á starfstíma skóla. Þeim verði gefinn kostur á að nýta sér aukinn orlofsrétt til frítöku á starfstíma skóla. Jafnframt þarf að skapa rétt til frítöku af persónulegum ástæðum.